

Mál nr. 334/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Bátatryggingar á bátnum B

Bátur varð fyrir tjóni vegna sjóleka 2012.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 4.10.2013 ásamt fylgiskjölum 1-14
2. Bréf V dags. 17.10.2013 ásamt myndum og tryggingarskilmálum

Málsatvik.

Fyrirsvarsmaður M segir að báturinn B í eigu M hafi orðið fyrir tjóni vegna sjóleka þegar boltar fyrir gaflstykki brotnuðu þegar B var 37 sjómílur frá landi. V hafnaði bótaskyldu í fyrstu á þeim forsendum að frágangur á drifbúnaði hefði ekki verið fullnægjandi og flotrofi fyrir sjálfvirka gangsetningu dælu hafi ekki verið til staðar. Fyrirverandi skipaskoðunarmaður skoðaði B og telur að frágangur á drifbúnaði hafi verið fullnægjandi og engar kröfur séu um sjálfvirka flotrofa til ræsingar lensudælu í reglum Siglingastofnunar fyrir opna fiskibáta eins og B. B var með gilt hæfnisskírteini þegar tjónið varð. V hafnaði þessum sjónarmiðum og benti m.a. á að umræddur skipaskoðunarmaður væri náskyldur eiganda M. Í höfnunarbréfi V í upphafi málsins var einungis vísað til þess að frágangur væri ekki fullnægjandi og á þeim forsendum var M bent á að hann gæti skotið málinu til Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Með bréfi V 17.10.2013 er bótaskyldu hins vegar hafnað á þeim forsendum að í 3.gr. vátryggingarskilmála þeirra sem um ræðir, þá séu þau tjón talin upp sem séu bótaskyld skv. vátryggingunni en það eru tjón vegna áreksturs á grunn eða strand, fok, brotsjór og ásigling á fastan hlut eða fljótandi og bendir V á að ekkert slíkt tjón hafi verið tilkynnt og falli því umrætt tjón á B ekki undir vátryggingu þá sem um ræðir.

Álit.

Í 3.gr. vátryggingaskilmála þeirrar vátryggingar sem um ræðir í máli þessu er tekið fram hvert sé almennt bótasvið vátryggingarinnar og hvaða tjón bætist úr vátryggingunni. Það tjón sem lýst er af eiganda M fellur ekki undir bótasvið vátryggingarinnar og þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr bátatryggingunni sem um ræðir. Sú staðreynd að tjónið á B var undanskilið samkvæmt vátryggingaskilmálum lá fyrir þegar M kvartaði til V. Höfnun V á bótaskyldu var í upphafi reist á allt öðrum ástæðum, sem í raun koma málinu ekki við þar sem umrætt tjón er undanskilið, en vegna þess hefur verið lagt í vinnu og kostnað sem var óþarfur hefði V borið fyrir sig strax að tjón M væri ekki bótaskyldt úr vátryggingunni skv. vátryggingarskilmálum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr bátaábyrgðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 31.10.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.